


# Leiðbeiningar - www.lopidesign.is

Á síðunni www.lopidesign.is er að finna nánast allar uppskriftir sem Ístex hf. hefur gefið út síðan árið 2000. Þú getur annað hvort valið flokk; *Hún, Hann, Börnin* o.s.frv. eða skrifað í leitargluggann t.d.

Lopi 29 og þá birtast allar uppskriftir úr þeirri bók. Einnig er hægt að leita eftir nafni uppskriftar eða bandtegund.


Fyrst þarf að stofna aðgang undir **Minn aðgangur** => nýskráning. Fylla þarf út nafn og netfang þar sem uppskriftin/varan er send til kaupanda með tölvupósti.

Þegar uppskrift hefur verið valin þarf að **velja tungumál**:




Í öllum tilvikum er uppskriftin fánleg á íslensku og ensku og í sumum tilvikum er hún einnig fánleg á öðrum tungumálum eins og dönsku, frönsku og þýsku.

Þegar tungumál hefur verið valið er smellt á **Setja í körfu** og síðan **Ganga frá pöntun**:




Fylla þarf út form og greiða með kreditkorti.



Nú opnast örugg greiðslusíða **Borgunar** þar sem fylla þarf inn greiðsluupplýsingar.



Næsta síða er staðfesting á að greiðslu sé lokið:



Innan skamms berst þér tölvupóstur með yfirskriftinni:

**Þín Lopidesign.is pöntun síðan dd. mán, ár er fullkláruð - sæktu skrárnar þínar**

og í tölvupóstinum birtist mynd:



Þegar smellt er á linkinn undir "IS" (á eftir "Sækja") hleðst skráin þín/uppskriftin niður og þú getur prentað hana út.

Ef vandamál koma upp, vinsamlegast hafið samband við [istex@istex.is](mailto:istex@istex.is) eða hringið í síma 566 6300.